

Rangárþing eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Garðabær, 24. október 2023
Málsnúmer: 202309-0037
IAS

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir Bólstað sunnan Einhrynings í Rangárþingi eystra

Vísað er í tölvubréf frá Rangárþingi Eystra, dags. 25. september 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir Bólstað í Rangárþingi eystra.

Í gildandi aðalskipulagi er fjallaselið Bólstaður skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Í tillögunni er gert ráð fyrir að stofnuð verði 3,1 ha lóð þar sem heimilt verður að byggja allt að 100 m² skála og 20 m² skálavarðarhús/geymslu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Í kafla 3.1 segir að stofnuð verði um 3,1 ha lóð þar sem heimilt verður að byggja allt að 100 m² skála og um 20 m² skálavarðarhús/geymslu, en í kafla 5.3 segir:

“Svæðið er skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði með gistingu fyrir 20 manns á um 3,1 ha svæði. Stofnaðar verða tvær lóðir, önnur fyrir allt að 100m² skála og allt að 25 m² skálavarðarhús/geymslu og hin fyrir hesthús.”

Ekki er hægt að sjá á deiliskipulagsupprætti að gert sé ráð fyrir nema einum byggingareit og á upprætti er ekki sýnt neitt hesthús en hins vegar sýnir upprátturinn hestagerði sem ekki er fjallað um í greinargerðinni. Ekkert er fjallað um hvað gert verður við núverandi mannvirki á lóðinni.

Svæðið er innan skilgreinds hættusvæðis vegna hamfaraflóða í Markarfljóti.

Deiliskipulagssvæðið er innan svæðis 761 á náttúruminjaskrá þar sem segir: „Stórbrotið og fjölbreytt landslag. Vinsælt útivistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.“

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

